



Borgarstjórn

Reykjavík, 17. janúar 2025
MSS25010116

Beiðni um lausn frá störfum í borgarstjórn Reykjavíkur

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 óska ég, Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, eftir því að borgarstjórn veiti mér lausn frá störfum í borgarstjórn til loka kjörtímabilsins.

Ég hef hlotið kosningu til setu fyrir hönd Reykvíkinga á Alþingi Íslendinga sem verður sett innan tíðar. Tel ég hvorki raunhæft né rétt að sinna skyldum kjörins fulltrúa í borgarstjórn og á þjóðþinginu á sama tíma.

Ég tók sæti í borgarstjórn í júní 2002. Það hefur verið sannur heiður að vinna að hagsmunum borgarinnar og borgarbúa í þeim ótrúlega fjölbreyttu verkefnum sem borgarstjórn sinnir. Að vera borgarfulltrúi og borgarstjóri þessa rúmu tvo áratugi hafa verið sönn forréttindi. Seta á Alþingi mun vonandi gefa mér áframhaldandi tækifæri til að vinna að hagsmunum borgarbúa og Reykjavíkur sem og landsins alls. Það er og hefur verið ástríða mín. Vonast ég eftir nánun og árangursríku samstarfi við borgarstjórn í þessum verkefnum, ekki síður en samstarfi við borgarbúa, atvinnulíf, verkafélagsmál, frjáls félagasamtök, menningarlíf, skóla, velferðar- og þjónustustofnanir sem gera Reykjavík að sterku og lifandi samfélagi.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því ég tók sæti í borgarstjórn hefur Reykjavík vaxið og dafnað og sótt fram á fjölmörgum, ef ekki öllum, sviðum. Það hefur verið stórkostlegt að taka þátt í umbreytingu borgarinnar og þessu mesta framfara og vaxtarskeiði hennar. Óska ég borgarstjórn, starfsfólki borgarinnar, samstarfs- og hagaðilum og borgarbúum gæfu og gengis í áframhaldandi þróun borgarinnar og sókn til framtíðar um leið og ég þakka af heilum hug fyrir samstarfið.

Virðingarfyllst,



Dagur B. Eggertsson
Kt. 190672-5739